
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	Raforkuhópur 2007-09
Fundartími:	Þriðjudagur 4. desember 2007 kl. 12:00
Fundarstaður:	Fiskmarkaðurinn, veitingastaður
Fundarefni:	1) Vinnutilhögun hópsins og reynslan af starfi ársins. 2) Undirbúningur verkefna ársins 2008. 3) Samningur um verkefni næsta árs. 4) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Ívar Þorsteinsson Gunnar Aðalsteinsson Íris Baldursdóttir Ásgeir Sigtryggsson Agnar Árnason Pétur E. Þórðarson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Sigurður Ágústsson

- 1) Engar athugasemdir komi við vinnutilhögun hópsins og ákveðið að hafa hana óbreytta á næsta ári.
- 2) Íris sagðist verða í fæðingarorlofi í febrúar til október á næsta ári og hugsanlega mundi einhver leysa hana af hólmi í þessu starfi eða ÁS mundi verða eini fulltrúi Landsnets þennan tíma. Hún mun láta vita hvernig þessu verður háttað. AÁ sagðist mundi hætta í hópnum um áramót þar sem hann færi þá á hálfstarf og mundi hann sjá um söluhlutann hjá Norðurorku (Fallorka). Hann mun láta vita hver tekur við af honum í hópnum. Fundarmenn þökkðu honum fyrir samstarfið. JV sagðist vera farin að skoða hitastigsáhrifin og verða þeir fjármunir sem eftir eru á áætlun notaði í það eins og ákveðið hefði verið. Hann sýndir tvær myndir varðandi tengsl hitastigs og almennrar raforkunotkunar síðustu tíu árin. IB spurði ÍP hvort töpin sem ganga inn í tekjuramma dreifiveitna yrðu ekki áfram fundin út frá orkuöfluninni og notkun skv. notkunarflokkum. ÍP sagði að svo yrði. JV sagði að þetta væri mjög jákvætt fyrir okkar starf þar sem veiturnar legðu þá væntanlega meiri áherslu á að notkunin sé sem réttust. ÍP spurði hver væri staðan á verkefninu um húsnæðisþörf sem Landsbankinn er tilbúinn að kosta að

stórum hluta. JV sagði að áhuginn virtist lítill hjá Fasteignamatinu en hann mundi hitta forstjóra þess og fulltrúa Hagstofunnar næsta fimmtudag til að fara yfir þetta mál.

- 3) Íris sagðist samþykkja áætlun næsta árs fyrir hönd Landsnets. ÍP sagðist samþykkja áætlunina fyrir hönd Orkustofnunar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:00. Næsti fundur ákveðinn 5. febrúar 2008.

Jón Vilhjálmsson